

Pollóween sló í gegn í Þorlákshöfn



Skipuleggjendur hátíðarinnar samankomnar á Nornþingi. Allt var gert í sjálfboðavinnu.

Pollóween fór fram í Þorlákshöfn 28. október til 2. nóvember. Hátíðin hefur verið mjög vinsæl síðustu ár og þátttaka góð. Viðburðirnir voru margir og eitthvað í boði fyrir

alla aldurshópa. Má þar nefna draugagarð, draugahús, ónotalega sundstund, grafir og bein fyrir yngstu börnin og hefðbundið grikk eða gott. Hátíðin endaði svo á nornþingi í Ver-

sölum, þar sem konur komu saman í svokölluðu Pálinubóði. Nornir sáu um skemmtiatriði og var happdrætti og gjafapokar í boði. Hátíðin heppnaðist mjög vel þetta árið.



Menningarverðlaun Suðurlands veitt

Ingibjörg Erlingsdóttir, tónlistarkona hlýtur Menningarverðlaun Suðurlands árið 2024. Viðurkenningin var veitt á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í Hveragerði 31. október sl. Í rökstuðningi dómnefndar segir að Ingibjörg hafi unnið glæsilegt starf í þágu tónlistar, tónlistarkennslu og kórstjórnunar á Suðurlandi. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun SASS á sviði menningar á Suðurlandi.

Alls bárust 11 tilnefningar um 10 verkefni af öllu Suðurlandi. Mikil breidd var í tilnefningum og gæðum þeirra. Tilnefningarnar eru aðeins toppurinn af ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í fjórðungnum.

Í starfi sínu leggur Ingibjörg mikla áherslu á að hvetja unga sem aldna til söng- og hljóðfæraíðkunar. Ingibjörg stofnaði Tónsmiðju Suðurlands árið 2007 ásamt Stefáni Þorleifssyni sem starfræktur er á Selfossi. Skólinn er rekinn af

mikilli hugsjón og hugmyndafræði skólans er að sækja í sjóð nemenda og sinna þeirri tónlistarþrá sem býr í þeim.

Ingibjörg hefur stýrt barnakór Hvolsskóla á Hvolsvelli með farsælum hætti í hartnær 30 ár og er ásókn nemenda í kórinn mikil en á síðasta starfsári voru 70 nemendur í kórnum frá 5. - 10. bekk en í skólanum voru 225 nemendur. Ingibjörg sýnir mikinn metnað í lagavali, útsetur löginn sjálf og semur einnig lög. Hvetur Ingibjörg nemendur til að koma út úr skelinni og syngja einsöng sem setur skemmtilegan brag á tónleika barnakórsins. Þá hefur Ingibjörg einnig stýrt kvennakórnum Ljósbrá síðastliðin fimm ár og stýrir kórnum af miklum metnaði og elju.

Ingibjörg hefur leikið og sungið með ýmsum hljómsveitum, tónlistarhópum og kórnum í gegnum tíðina, einnig hefur hún tekið að sér útsetningar og tónlistarstjórn fyrir ýmsa aðila.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Arvirinn

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirinn.is



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



Framlagning kjörskrár vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024

Kjörskrá, vegna alþingiskosninga þann 30. nóvember 2024 verður lögð fram þann 9. nóvember 2024, kjörskráin liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar öllum almenningi til sýnis á almennum skrifstofutíma. Almennur skrifstofutími er frá mánudegi til fimmtudags kl. 8:30 til 16:00 og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:30.

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar með því að skrá eftirfarandi slóð <https://island.is/v/althingiskosningar-2024> og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

Unnur Rán leiðir lista Sósíalístaflokksins



Félagsfundur Sósíalístaflokksins hefur samþykkt oddvita listans í Suðurlanddæmi fyrir komandi Alþingiskosningar. Er það Unnur Rán Reynisdóttir, hársnyrtir og hársnyrtikennari sem mun leiða listann. Þá var listinn fyrir Suðurlanddæmi einnig samþykktur í heild sinni.

Unnur Rán er fjögurra barna móðir, búsett í Reykjanesbæ en uppálin á Flúðum í Hrunamannahreppi. Hún vinnur á umhverfissvottuðu hársnyrtistofunni Zenz Reykjavík og hefur einnig starfað innan verkalyðshreyfingarinnar á árum áður og unnið af krafti í þágu umhverfis- og vinnuverndarmála á þeim vettvangi, setið í stjórn Félags Hársnyrtisveina og ASÍ-Ung. Hún berst gegn ójöfnuði í samfélaginu. Henni eru sérstaklega hugleikin málefni barna og jaðarsettra hópa í samfélaginu, þar sem aukinn ójöfnuður leiðir af sér enn fleiri vandamál.

„Engin manneskja á að þurfa að leita á náðir hjálparstofnana til að geta gefið börnum sínum að borða, til að geta haldið jóla eða

Framboðslisti Sósíalístaflokksins í Suðurlanddæmi:

1. Unnur Rán Reynisdóttir, 41 árs, hársnyrtimeistari/kennari
2. Hallfríður Þórarinsdóttir, 64 ára, framkvæmdastjóri
3. Arnar Páll Gunnlaugsson 35 ára bifvélavirki
4. Þórdís Bjarnleifsdóttir, 53 ára, nemi
5. Sigurrós Eggertsdóttir, 27 ára, háskólanemi/fjöllistakona
6. Ægir Máni Bjarnason, 31 árs, félagsliði/listamaður
7. Ólafur Högni Ólafsson 47 ára, fyrrverandi fangavörður
8. Elínborg Steinunnardóttir/Björnsdóttir, 51 árs, bráða-tæknir/öryrki
9. Þórbergur Torfason, 70 ára, ferðaþjónustubóndi
10. Vania Cristina Leite Lopes 41 árs, félagsliði
11. Bjarni Þór Þórarinsson, 67 ára, ráðgjafi
12. Arngrímur Jónsson, 64 ára, sjómaður
13. Kári Jónsson, 65 ára, verkamaður/öryrki
14. Magnús Halldórsson, 70 ára, skáld
15. Hildur Vera Sæmundsdóttir, 63 ára, sjálfstætt starfandi
16. Pawel Adam Lopatka, 40 ára, landvörður
17. Stefán Helgi Helgason, 65 ára, öryrki
18. Guðmundur Jón Erlendsson, 59 ára, bílstjóri/öryrki
19. Þórir Hans Svarsson, 58 ára
20. Gunnar Þór Jónsson, 77 ára

til þess að börn geti tekið þátt í frístundum. Þau þungu skref á engin manneskja að þurfa að taka, heldur ættum við öll að geta lifað mannsæmandi lífi. Það að taka þátt í samfélaginu á ekki að einskorðast við stétt, uppruna, heilsu eða fjárhag. Hvort sem um ræðir börn eða fullorðna þá eigum við öll að geta fengið að blómstra,“ segir Unnur, oftast kölluð Rán.

Hún segir að uppræta þurfi ójöfnuðinn í stað þess að plástra það sem ekki virkar. „Þrátt fyrir

að þakka megi góðgerðarstofnunum þeirra fallega starf þá ættum við ekki að neyðast til að senda fólki þessa bónarleið sem er eingöngu tilkomin vegna mis-skiptingar í samfélaginu.“

„Núverandi ölmusukerfi er til þess fallið að þau sem eiga fjármagnnið nú þegar geta klappað sjálfum sér á bakið þegar þau gera hin miklu góðverk að styrkja þau sem minna eiga. Þetta er kapitalisminn í sinni terustu mynd og hann leiðir til enn frekari vandamála.“

Ásthildur leiðir Flokk fólksins í Suðurlanddæmi



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, alþingismaður og kennari, mun leiða lista Flokks fólksins í Suðurlanddæmi.

Sigurður Helgi Pálmason safnvörður og þáttagerðarmaður skipar 2. sætið, Elín Fanndal félagsliði og varaþingmaður, skipar 3. sætið og Jónas Yngvi Ásgrímsson, stjórnarmaður hjá VR og miðstjórnarmaður ASÍ, það fjórða.

Ásthildur Lóa, sem hefur setið á þingi fyrir flokkinn á yfirstandandi kjörtímabili, er 3. varaforseti Alþingis og situr í efnahags- og viðskiptanefnd og Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Hún hefur verið formaður Hagsmunasamtaka heimilanna frá 2017 og barist fyrir heimilunum í okurumhverfi vaxta og húsnæðiskostnaðar þar sem réttindi neytenda á fjármálamarkaði eru oft lítils virt.

Sigurður Helgi Pálmason vinnur að þáttagerð fyrir RÚV

Framboðslisti Flokks fólksins í Suðurlanddæmi:

1. Ásthildur Lóa Þórsdóttir, alþingismaður og formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, Garðabæ
2. Sigurður Helgi Pálmason, safnvörður og þáttastjórnandi, Keflavík
3. Elín Íris Fanndal Jónasdóttir, félagsliði, Þorlákshöfn
4. Jónas Yngvi Ásgrímsson, stjórnarmaður VR og miðstjórnarmaður ASÍ, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
5. Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri Vallaskóla, Selfossi
6. Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson, smábátasjómaður og framkvæmdastjóri, Höfn í Hornafirði
7. Sigrún Berglind Grétarsdóttir, leikskólaliði, Keflavík
8. Jörunn Lilja Jónasdóttir, öryrki, Eyrarbakka
9. Guttormur Helgi Rafnelsson, vélvirki, Hveragerði
10. Dagbjört Eilíf Baldvinsdóttir, hönnunarstjóri, Selfossi
11. Bjarni Aðalsteinn Pálsson, bakari, Keflavík
12. Helga Jónsdóttir, mósaíklustakona, Vestmannaeyjum
13. Páll Bragi Hólmarsson, tanningamaður, Selfossi
14. Inga Helga Fredriksen, öryrki, Vogum
15. Ásta María Sigurðardóttir, stuðningsforeldri, Hvolsvelli
16. Daði Þór Einarsson, tónlistarkennari, Þorlákshöfn
17. Gunnþór Guðmundsson, eldri borgari, Keflavík
18. Jón Þórarinn Magnússon, eldri borgari, Hellu
19. Guðfinna Sigurgeirsdóttir, eldri borgari, Garði
20. María G. Blómkvist Andrésdóttir, eldri borgari, Selfossi

og hefur komið mjög víða við í atvinnulífinu. Hann leggur áherslu á að bæta heilbrigðisþjónustu fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir eldri borgara, sem hann telur algjörlega fyrir neðan allar hellur. Hann er mikill áhugamaður um íslenska sögu og menningu.

„Við erum gríðarlega stolt

af þessum lista,“ segir Inga Sæland formaður Flokks fólksins. „Þarna fáum við nýjar og ferskar raddir inn á þing sem brenna t.d. fyrir málefnum aldraðra og þeirra sem minna mega sín, auk þess að vera með viðtæka reynslu og þekkingu á verkalyðsmálum og baráttu vinnandi fólks.“

 **HÚSASMÍÐJAN** blómaval

STÓRA SERÍUHELGIN

Fimmtudag til sunnudags



Jólablaðið
er komið út

Allar seríur, skrautseríur,
gluggaljós, aðventuljós o.fl.

25%

afsláttur

Gildir einnig á husa.is

FROST 



Þrjár mæður skipulögðu Hrekkjavökuviðburð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Þrjár mæður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi tóku sig saman og ákváðu að skipuleggja alvöru fjölskylduviðburð fyrir sveitunga sína í tilefni af hrekkjavökunni.

Okkur langaði að taka hrekkjavökuna upp á næsta plan, byrjuðum á að stofna óformlega Hryllingsfélag Skeiða- og Skelfingarhrepps og fórum að henda fram ýmsum hugmyndum. En það sem átti að gera þessa hátíð sérstaka og fyrsta sinnar tegundar var að nýta fjárréttir sveitarinnar, Skaftholtsrétt, til að halda viðburðinn. Einnig vildum við auðvelda foreldrum aksturinn fyrir grikk eða gott og safna fólki saman og því var hægt að panta dilka til að skreyta og nýta fyrir grikk eða gott.

Til að krydda upp á það var haldin skreytingakeppni og sigurvegarinn fyrir best skreytta dilkinn fékk vegleg verðlaun, styrkt af hinum ýmsum fyrirtækjum. Þátttaka í dilkunum var mjög góð og voru allir dilkarnir ótrúlega flottir og mikill metnaður lagður í að skreyta dilkana hjá þeim sem tóku þátt.

Við vorum með varðeld inni í almenningnum og buðum upp á heitt kakó og sykarpúða til að grilla í eldinum. Einnig var eitt hræðilegt draugahús fyrir lengra komna en það var Félagsmiðstöðin Zero á Flúðum sem sá um það. Selásbyggingar smíðuðu líka völundardraugahús fyrir yngri hetjurnar. Spákona mætti á



Stjórn Hryllingsfélags Skeiða- og Skelfingarhrepps.

svæðið og einn dilkur bauð upp á smá afþreyingu fyrir yngstu krílin, sem var minna draugalegt fyrir þau.

Veðrið hefði ekki getað verið betra fyrir þetta og höfðu gestir það ansi huggulegt innan um draugana. Mikil og skemmtileg stemning myndaðist og fór mætingin fram úr okkar björtustu vonum en sennilega hafa komið á svæðið yfir 150 manns en það var erfitt að kasta tölu á mannfjöldann í myrkrinu.

Markmiðið náðist fullkomlega, að fjölskyldur, fólk á öllum aldri, gæti komið og eytt gæðastund saman og fólk þyrfti ekki að rúnta um alla sveitina til að fara í grikk eða gott, eða leita lengra eins og á Selfoss.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem styrktu okkur á einn

eða annan hátt, með vinnu og tíma, gjöfum og má þar nefna eftirfarandi aðila:

Félagsmiðstöðin Zero á Flúðum, Selás-Byggingar, Korngrís, Garðyrkjustöðin Reykás, Icewear, Made in Iceland, Fóðurblandan, Apótekarinn og Stóra-Sandvík fyrir rófur sem við notuðum á föndurkvöldi sem var haldið ca. 2 vikum fyrir hrekkjavöku. Til að íslenska viðburðinn smá þá nýttum við séríslenskar rófur til að skera út í stað graskers.

Við viljum þakka kærlega fyrir viðtökurnar og erum fullkomlega bjartsýnar á að við endurtökum leikinn aftur á næsta ári

Stjórn Hryllingsfélags Skeiða- og Skelfingarhrepps, Rakei, Hrönn og Eydis



Keppnis-kjúklingur

Jóhannes Bjarmi Skarphéðinsson er matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á að þakka Lóu frá Dalvík fyrir áskorunina (lesist með kaldhæðni).

Í eldhúsinu er ég best þekktur fyrir að þvælast fyrir og vera til vandræða. Ef konan er heima, sem hún er nú oftast, sem betur fer, þá á ég það nú til að elda fyrir hana. En ef hún fer að heiman og ég þarf að redda mér þá gríp ég nú ansi oft í gömlu góðu rækjusamlokuna enda er það máltíð sem tikkar í flest box þegar kemur að næringu.

Þar sem ég er að telja Macros en leyfi mér stundum hluti í rjómasósu þessa dagana ætla ég að bjóða upp á uppskrift að kjúklingarétti og ekki bara það heldur heitir hann Keppnis-kjúklingur.

- 4 kjúklingabringur
- 1 pakki beikon
- 1 askja sveppir
- 1 rauðlaukur (má sleppa)
- 1 dós tómátþúrta
- 1 paprika
- 2 msk tómatsósa
- 200 g Philadelphia-rjómaostur
- 2 1/2 dl matreiðslurjómi
- Salt og pipar

Skerið kjúklingabringurnar í tvennt.

Ég skora á næsta Dalvíking sem hefur flutt sig á Suðurlandið, Heiðar Helguson. En hann er mikill sælkeri og beittur í eldhúsinu og á hliðarlínunni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Hitið olíu á pönnu og brúnið bringurnar og kryddið með salti og pipar. Takið af pönnunni og setjið í ofnfast mót.

Skerið beikonið í bita og steikið á sömu pönnu. Setjið beikonið yfir kjúklinginn.

Steikið sveppi og lauk á pönnu upp úr beikonfitunni.

Hrærið tómátþúrta, paprikukryddi og tómatsósu og blandið út á pönnuna með grænmetinu.

Bætið rjómaosti og mjólk saman við og hrærið þar til rjómaosturinn hefur bráðnað og allt blandast vel saman. Smakkið til með salti og pipar og hellið yfir kjúklinginn.

Setjið inn 200°C heitan ofn í um 20 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.

Muna að gera þetta með ást og gleði í hjarta.



Símar bannaðir í Grunnskólanum í Þorlákshöfn

Frá og með mánudeginum 4. nóvember munu nýjar reglur um símanotkun nemenda á skólatíma taka gildi í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Hingað til hefur verið leyfilegt fyrir nemendur í unglingadeild að nota síma í frímínútum, en með nýju reglunum verður símanotkun alfarið óheimil á skólatíma.

Þessar breytingar eru af rakstur samráðsferlis þar sem leitað var álits foreldra, starfsfólks og nemenda. Kannanir sýndu að um 90% foreldra og starfsfólks vildu að nemendur væru í frii frá símanum á skólatíma. Þó að 70% nemenda hafi viljað halda fyrri reglum

óbreyttum, kom einnig fram að um 30% nemenda vildu fá fri frá sínum á skólatíma.

Nemendur komu einnig með góðar hugmyndir að afþreyingu í frímínútum.

Sem liður í því verður íþróttahúsið opnað oftast í frímínútum og lögð verður aukin áhersla á fjölbreytta afþreyingu með spilum og öðrum leikjum.

Foreldrum er einnig bent á að gömul spil sem ekki eru lengur í notkun heima gætu nýst nemendum vel í frímínútum.

Við vonum að nýju reglurnar stuðli að betra námsumhverfi, meiri félagslegri samveru og aukinni einbeitingu fyrir nemendur okkar.



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Á greinarkorni efstur er, einnig nagli þennan ber. Hann er fastur okkur á, yst á bryggju finna má.

Svar við gátu í blaði 2776: GIKKUR 1. Hlaupagikkur



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X



Þjónustustjóri á Selfossi

Við leitum að þjónustustjóra á þjónustuskrifstofu VÍS á Selfossi. Þjónustustjóri leiðir sölu- og þjónustustarf á sínu svæði í takt við stefnu VÍS.

Umsóknarfrestur er til og með 12.nóvember 2024.

→ [Nánar á vis.is/laus-storf](https://vis.is/laus-storf)



SUÐURKJÖRDÆMI



1. Karl Gauti Hjaltason



2. Heiðbrá Ólafsdóttir



3. Ólafur Ísleifsson



4. Kristófer Máni Sigursveinsson



5. G. Svana Sigurjónsdóttir



6. Sigurður Jónsson

Aðalsafnaðarfundur STOKKSEYRARKIRKJU 2024

Aðalsafnaðarfundur
Stokkseyrarkirkju verður
haldinn miðvikudaginn
13. nóvember 2024 kl. 20:00
í safnaðarheimilinu
Hafnargötu 10, Stokkseyri.

Venjubundin
aðalfundarstörf

Safnaðarstjórnin



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst 7. nóvember

Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:

- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal
- Austurvegi 6, Hvolsvelli
- Hörðuvöllum 1, Selfossi

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósendi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra í umdæmi sýslumanns þar sem hann á ekki lögheimili. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósendinn er á kjörskrá. Kjörstjóri annast póstsendingu atkvæðis að beiðni kjósenda. Allir kjósendur, sem greiða atkvæði utan kjörfundar á kjördag, bera sjálfir ábyrgð á að koma atkvæði sínu til skila.

Atkvæðagreiðsla í heimahúsi

Ef kjósendi getur ekki kosið á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnburðar er heimilt að kjósa í heimahúsi. Beiðni þess efnis, sem studd skal vottorði lögráða einstaklings um hagi kjósenda, skal berast embættinu **eigi síðar en kl. 10:00 fimmtudaginn 28. nóvember n.k.** Mælt er til þess að beiðni þessa efnis berist embættinu án ástæðulauss dráttar. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Landskjörstjórnar, www.kosning.is og óskast það sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða lagt inn á einhverri af skrifstofum embættisins.

Hægt verður að kjósa víðar en á sýsluskrifstofum innan umdæmisins og verða kjörstaðir nánar auglýstir síðar á www.kosning.is og www.syslumenn.is, en ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má nálgast á sömu vefsíðum.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

„Við erum ekki að fara í verkföll til þess að vera skemmtileg“

Samstöðu- og baráttufundur Stón-, leik-, grunn- og framhaldsskólakennara fór fram í Sunnulækjarskóla síðastliðinn mánudag. Mikill fjöldi fólks mætti á fundinn til þess að sýna samstöðu.

Kolbrún Guðmundsdóttir, formaður Kennarafélags Suðurlands, ávarpaði fundinn. Hún talaði um að kennarar vildu ná fram þeim jöfnuði sem lofað var í samkomulagi sem gert var árið 2016.

„Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sagði í Kastljósþætti liðinnar viku að honum þætti fróðlegt að vita hvað almenni markaðurinn myndi segja ef forsendum væri snúið við. Að fyrst hefði verið farið í jöfnun launa milli markaða og það gert á einu ári frá gerð samkomulagsins. En átta árum seinna væru lífeyrisréttindin enn ekki orðin jöfn eins og lofað hefði verið í upphafi. Hver skyldu viðbrögð samfélagsins verða þá? Krafa kennara er nefnilega sú að staðið verði við gerða samninga.“

Hún minntist á að það vanti kennara til starfa og til þess að laga það ástand þurfi launin að vera sambærileg launum sérfræðinga á almennum markaði.

Guðjón Hreinn Hauksson, formaður félags framhaldsskólakennara, tók til máls. Hann var ánægður með fundinn.

„Ég vona að baráttufundirnir verði fleiri, vegna þess að ég held að við munum standa í þessari baráttu allengi. Kröfur okkar hafa verið skýrar mjög lengi. Að halda því fram að kröfur hafi ekki komið fram er útrúningur. Látið ekki halda öðru fram.“

Guðjón er einn af þeim sem sitja við samningaborðið.

„Það verður bara að viðurkennast að við höfum frá mjög litlu að segja. Fólkið sem við



sitjum frammi fyrir á þessum fundum hefur einfaldlega ekki umboð til þess að semja við okkur ennþá. Við erum ekki að semja við samninganefndirnar heldur eru það yfirmenn þeirra sem færa þeim það umboð að semja og það er einfaldlega ekki komið ennþá. Við þurfum að berjast rækilega og sýna samstöðu alls kennarasambandsins til þess að ná þessu fram. Þetta verður langvinn og erfið barátta en við ætlum að sigra hana.“

Guðmundur Björgvin Gylfason, formaður kennarafélags Fjölbautaskóla Suðurlands, segir það erfitt að vera í verkfalli. „Við höfum verið í allsherjarverkfalli. Það var árið 2014. Það var erfitt en það var einfaldara af því þá voru allir framhaldsskólar á landinu í verkfalli.“ Hann sagði samstöðuna skipta miklu máli og að allir kennarar væru saman í þessu verkefni.

Að lokum tók Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara, til máls. Hann sagði baráttuna vera harða, sérstaklega fyrir leikskólakennarana sem séu í verkfalli. Þeir þurfi að glíma við óánægða foreldra og svara fyrir verkfallið.

„Við erum ekki að fara í verkföll til þess að vera skemmtileg. Verkföll eru í eðli sínu bögg,

þau eru í eðli sínu vond. Það er bara þannig að þetta er neyðarrettur sem við höfum og við eigum fullan rétt á því að nýta okkur hann.“

Hann telur að það hafi aldrei átt að fara í þetta verkefni af alvöru.

„Staðan er þannig að átta árum eftir að undirritað var samkomulag um laun á milli markaða er búið að gera eitt áfangasamkomulag sem komu til nokkurra starfsheita í grunn- og leikskólum og einhverra framhaldsskóla. Í tilfelli grunnskólans er þetta greiðsla frá átta til tíu þúsund krónum. Þetta eru nú öll ósköpin sem búið er að gera á þessum átta árum.“

Hann minntist einnig á hversu dásamleg samstaða kennara sé.

„Það var dásamlegt að upplifa það á Sauðárkróki þegar ég kom þangað, að hinir lötu kennarar sem nenna ekki að gera neitt vöknudu klukkan fimm um nóttina á Akureyri til þess að keyra Sauðárkrök og standa verkfallsvörð með kennurum í leikskólanum þar. Það var líka dásamlegt að fá framhaldsskólakennarana og tónlistarskólakennarana á svæðið með okkur að standa þennan verkfallsvörð. Það sýndi hvað við getum verið sterk saman.“



Hágæða Mobil smurolíur fást hjá N1

Við eigum olíur fyrir öll helstu ökutæki, skip og báta víðsvegar um landið

Sími þjónustuvers: 440 1000 | www.vefverslun.n1.is



Mobil



INGÓLFSSKÁLI
VIKING RESTAURANT

Jólahlaðborð 2024

Ingólfsskáli býður í sannkallaða jólaveislu í nóvember

Jólahlaðborð Ingólfsskála er sannkölluð hátíðarveisla og við hlökkum til að taka á móti þér og þínum í hátíðarskapi.

Jólahlaðborðið er tilvalið fyrir fjölskyldur, vinahópa eða fyrirtæki til þess að gera sér glaða stund og njóta aðdraganda jólanna í töfrandi umhverfi.

Eftirfarandi dagsetningar eru í boði:

Fös. 22. nóv. - Lau. 23. nóv. - Fös. 29. nóv. - Lau. 30. nóv.

Borðapantanir í síma 662 3400
eða með tölvupósti á ingolfsskali@ingolfsskali.is

Að bregðast komandi kynslóðum

Kennaraverkfallið í Fjölbrotaskóla Suðurlands og öðrum skólum landsins er skýrt dæmi um hvernig áhugaleysi stjórnvalda gagnvart menntakerfinu bitnar á framtíð nemenda og réttindum komandi kynslóða. Að láta mál þróast í þá átt að kennarar neyðist til að grípa til verkfalls til að fá viðurkennt verðmæti starfa sinna er óásættanlegt og bendir til mikils tómlætis af hálfu ríkisins. Þetta tómlæti hefur nú alvarleg áhrif á unga fólk okkar, sem er framtíð samfélagsins.

Þessi verkfallsaðgerð bitnar hvað harðast á þeim nemendum sem standa höllum fæti, bæði námslega og félagslega. Það eru þau ungmenni sem þurfa hvað mest á stöðugleika og stuðningi að halda til að geta þroskast og dafnað. Verkfallið sviptir þau því öryggi sem skólinn veitir og skilur þau eftir í óvissu, þar sem mörg þeirra eiga erfitt með að halda áfram í námi. Afleiðingin verður óhjákvæmilega aukin brottfall og sár skekkja í lífi þeirra.

Eðlileg kjör og vinnuástandur kennara snúast ekki einungis um kjarabætur, heldur eru þau grunnforsenda fyrir gæðum menntunar og mögu-



leikum allra nemenda á að ná árangri. Með áhugaleysi sínu á grunnþörfum menntakerfisins er ríkið að bregðast ungu fólk og tefla framtíð þess í hættu með tilheyrandi langtímaáhrifum á samfélagið.

Það er löngu tímabært að stjórnvöld taki ábyrgð á því hlutverki sínu að tryggja sterkt menntakerfi og axla þá ábyrgð að menntun og jöfn tækifæri séu tryggð fyrir alla.

Gunnar Karl Ólafsson, forseti Sigríðar, Ungs jafnaðarfólks á Suðurlandi og framhjódandi Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Fundargerðabækur búnaðarfélaga og búfjárræktarfélaganna aðgengilegar öllum

Rafrænn lestrarsalur Héraðsskjalasafns Árnesinga er alltaf að stækka og er nú verið að vinna að því að gera fundargerðabækur búnaðarfélaga og búfjárræktarfélaganna aðgengilegar á heimildavef safnsins, www.myndasetur.is. Héraðsskjalasafnið fékk styrk til verkefnisins frá Þjóðskjalasafni Íslands og er nú þegar nokkur fjöldi bóka orðinn aðgengilegur og því hægt að lesa þær staf fyrir staf í tölvunni heima hjá sér. Eitt af meginhlutverkum héraðsskjalasafna er að taka við og varðveita skjöl opinberra aðila og félagsamtaka sem hafa menningarlegt gildi fyrir héraðið og eru um leið partur af sögu almennings og sveitarfélaga í gegnum ár og aldir, í raun vitnisburður um hvernig nútímasamfélag byggdist upp í sveitunum. Þar spila búnaðarfélög stórt hlutverk. Annað elsta búnaðarfélag sem bundið var við staka sveit var stofnað í Gnúpverjahreppi árið 1847 og hét þá Eystri-Hreppsmanna tún- og jarðabótafélag en gjörðabók þess félags er ein af þeim bókum sem nú eru aðgengilegar á vef. Elsta bókinn

er því meira en 180 ára gömul.

Áður en hafist var handa við verkefnið var farið yfir hvaða bækur væru komnar til varðveislu á safnið og skoðað hvort það vantaði einhverjar bækur frá félögum. Ljóst er að það er töluvert magn af fundargerðabókum þessara félaga sem hafa ekki enn ratað á héraðsskjalasafnið og má þá gera ráð fyrir að sumar þeirra liggi enn á bæjum í sinni heimasveit eða hafi glatast. Héraðsskjalasafnið hvetur

alla stjórnarmenn búnaðar- og búfjárræktarfélaganna í sýslunni til þess að fara yfir stöðuna hjá sínu félagi og athuga hvort ekki megi finna þessar bækur og afhenda þær á skjalasafnið til varanlegrar varðveislu svo fleiri geti nýtt þær við fræðistörf eða sér til skemmtunar. Starfsfólk skjalasafnsins er tilbúið til þess að vera félögum innan handar og veita aðstoð eða ráðgjöf í tengslum við afhendingu skjala á safnið.



Bjarni Kristbjörnsson frá Birnustöðum að plægja tún í Vorsabæ á Skeiðum árið 1949. Bjarni vinnur á traktor Búnaðarfélagsskeiðahrepps. Ljósmynd: Jón Eiríksson.

Tvö teymi á Suðurlandi valin í Startup Tourism hraðalinn

Ferðaþjónusta er ein mikilvægasta atvinnugreinin á Íslandi og ljóst er að áhugi fyrir því að gera enn betur með nýsköpun að leiðarljósi er mikill. KLAK - Icelandic Startups stendur um þessar mundir fyrir viðskiptahraðli fyrir sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu og alls bærust rúmlega 30 umsóknir í hraðalinn frá öllu landinu.

Teymi frá KLAK Icelandic Startups fór í hringferð um landið í upphafi mánaðar til að kynna Startup Tourism hraðalinn og kom þá greinilega í ljós gríðarlegur áhugi um allt land. Áhuginn endurspegladist í umsóknum í Startup Tourism en fjöldi barst frá öllum landshlutum og voru umsóknir frá teyminum af landsbyggðinni helmingur af heildarfjölda.

Þau tíu teymi sem voru valin í hraðalinn skiptast einnig þannig að helmingur er frá höfuðborgarsvæðinu og helmingur frá öðrum landshlutum, þ.e. Reykjanesi, Suðurlandi, Norð-Austurlandi og Vesturlandi. Þetta er metfjöldi landsbyggðarteyma í viðskiptahraðli hjá KLAK - Icelandic Startups.

Sprotafyrirtækin tíu sem taka þátt í hraðlinum vinna að nýsköpun í ferðaþjónustu á fjölbreyttum sviðum. Þar má til dæmis nefna fyrirtæki sem gefur erlendum ferðamönnum færi á að leigja sér góðan útivistarfatnað, atvinnumiðstöð fyrir ferðaþjónustu, sem tengir fyrir-

tæki í ferðaþjónustu við hæft starfsfólk á Norðurlöndunum og raddstýrt leiðsöguapp sem, með hjálp spunagreindar og talgervilistækni, veitir ferðalöngum á einka- og bílaleigubílum félagskap og leiðsögn.

„Við erum ótrúlega ánægð með viðtökurnar við hraðlinum og fjölbreytni umsókna. Við óskum teyminum tíu til hamingju og hlökkum til að vinna náið með þeim næstu vikur,“ segir Ásta Söllilja Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak - Icelandic Startups.

Teymin sem urðu fyrir valinu á Suðurlandi eru NordTemp og Ævintýraeignir.

NordTemp er Norræn atvinnumiðstöð fyrir ferðaþjónustu, sem tengir fyrirtæki í ferðaþjónustu við hæft starfsfólk. Vettvangurinn straumlínulagar ráðningarferli fyrir störf þar sem vinnutími og vaktir eru sveigjanlegar og tryggir að fyrirtæki geti fljótt fundið hæft

starfsfólk þegar þau þurfa mest á því að halda.

Ævintýraeignir áforma að gera nýjan áfangastað á Suðurlandi, nánar tiltekið Reynisfjall við Vík í Mýrdal. Ætlunin er að bæta aðgengi og öryggi með merkingum og stikum fyrir hjóla- og göngufólk. Einnig er áætlað að bæta aðgengi með rútuferðum upp á fjall. (Ílka fyrir hreyfihamlaða), bæta öryggi með því að hafa áningarstað uppi á fjalli með salerni og veitingum (gamla Lóranstöðin) og bæta afþreyingu.



DEILDATÓNLEIKAR TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA



Gítardeildartónleikar

6. nóvember kl. 18:30 í Stekkjaskóla

Strengjadeildartónleikar

7. nóvember kl. 18:30 í Stekkjaskóla

Rytmískir deildartónleikar

8. nóvember kl. 17:00 í Stekkjaskóla

Píanódeildartónleikar

11. nóvember kl. 18:30 í Stekkjaskóla

Blásaradeildartónleikar

12. nóvember kl. 18:30 í Stekkjaskóla

Blokkflautudeildartónleikar

13. nóvember kl. 18:30 í Stekkjaskóla

Söngdeildartónleikar

10. desember kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju

Á tónleikunum koma fram nær allar hljómsveitir og samspilshópar skólans auk fjölda einleikara og einsöngvara.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis
Verið öll hjartanlega velkomin!





Við finnum bestu lausnina fyrir þig!



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf.
Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is


LÓÐ UNDIR VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

NORÐURHÓLAR 5

Sveitarfélagið Árborg leitar að kauptilboðum í byggingarétt lóðar fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði að Norðurhólum 5, Selfossi. Stærð lóðar er 5.156 m² og er leyfilegt byggingamagn ofanjarðar 2.800 m² og neðanjarðar 1.000 m².

Leitað er að aðila sem er tilbúinn til að gangast undir samning um kaup á byggingarrétti á lóðinni. Markmið seljanda er að semja við hæstbjóðanda svo framarlega sem hann sýnir fram á að hann sé hæfur.

Lóðin er vel staðsett, nærri þéttum íbúðarkjörnum.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgi gögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 mánudaginn 18. nóvember 2024. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnunum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opunaryfirlit rafrænt.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



LÓÐIR UNDIR PAR- OG RAÐHÚS, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

MÓSTEKKUR

Árborg auglýsir til sölu byggingarétt fyrir íbúðarhúsnæði. Um er að ræða 3 lóðir fyrir alls 9 íbúðir. Tvær raðhúsaloðir og eina parhúsaloð. Stærð lóða er á bilinu 1.198-1.530 m². Um er að ræða vel staðsettar lóðir nærri sterkum þjónustukjörnum.

Leitað er að kauptilboðum í lóðirnar frá einstaklingum og/eða lögaðilum sem hyggjast byggja íbúðir í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Svæðið er hluti af uppbyggingsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan Suðurhóla og meðfram Eyravegi.

Lóðirnar sem um ræðir eru Móstekkur 70-76, 78-82 og 84-86. Lóðirnar verða tilbúnar til afhendingar 20. janúar 2025.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgi gögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 mánudaginn 18. nóvember 2024. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnunum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opunaryfirlit rafrænt.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is



Heiðrún Fjóra og Gústaf unnu til fjölda verðlauna á mótinu.

Keppendur HSK unnu átta verðlaun á Iceland Open í glímu og hryggspennu

Iceland Open í glímu og hryggspennu í unglunga- og fullorðinsflokkum fór fram um nýliðna helgi í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Þrjú keppendur kepptu frá HSK, þau Heiðrún Fjóra Pálsdóttir, Gústaf Sæland og Björn Mikael Karlsson. Þau stóðu sig vel og komust átta sinnum á verðlaunapall með þrjú gull, þrjú silfur og tvö brons.

Á föstudagskvöldi var æfing í hryggspennu sem glímufólk kepptu í ef það ferðast erlendis til að keppa.

Á laugardegnum var keppt í glímu. Heiðrún Fjóra keppti í tveimur flokkum, +75kg flokki kvenna og opnum flokki

kvenna, hún hafnaði í 2. sæti í þeim báðum. Gústaf keppti einnig í tveimur flokkum, -84kg flokki karla og opnum flokki karla, hann varð í 3. sæti í þvingdarflokknum og varð annar í opnum flokki.

Á loknu mótinu var önnur æfing í hryggspennu, hópurinn skellti sér síðan í sund og út að borða saman.

Á sunnudeginum var keppt í hryggspennu. Heiðrún gerði sér lítið fyrir og vann bæði +75kg flokk kvenna og opna flokk kvenna. Gústaf skráði sig í þrjú flokka, hann sigraði -84kg flokkinn sem var fjölmennasti flokkur mótsins, varð í 4. sæti í +84kg flokki karla og í 3. sæti

í opnum flokki karla. Björn Mikael skráði sig óvænt til leiks í hryggspennu og varð í 4. sæti í sínum riðli í -84kg flokki karla.

Næsti viðburður í glímu eru æfingabúðir fyrir öll þau sem hafa áhuga á að prófa eða æfa glímu. Æfingabúðirnar fara fram helgina 15.-17. nóvember í Reykholti. Hægt er að fylgjast með mótum og viðburðum Glímusambands Íslands á Facebook og Instagram.

Ef einhver hefur áhuga á að prófa glímu eru æfingar á nokkrum stöðum á Suðurlandi og hægt að nálgast æfingátíma á samfélagsmiðlum og á heimasíðu sambandsins www.glíma.is.



Eyravegur 25 | Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is



Landsátak í sundi í nóvember

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 30. nóvember 2024.

Setning Syndum verður að þessu sinni í Ásvallalaug í Hafnarfirði, föstudaginn 1. nóvember.

Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Á síðasta ári syntu þátttakendur samtals 26.862,93 km, eða rúmlega 20 hringi í kringum landið. Í fyrra voru skólar og sundfélög einnig sérstaklega hvött til þátttöku og svo verður einnig í ár.

Syndum - Landsátak í sundi, er framhald af Íþróttaviku Evrópu og styrkt af Evrópusambandinu. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Það er margt sem við getum gert til að bæta og viðhalda líkama og sál og allt telur. Íslendingar

hafa verið duglegir að stunda sund enda búum við vel að góðum sundlaugum um allt land. Sund er fyrir alla, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi og er tilvalin hjálfunaraðferð sem styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans en er einnig frábær og skemmtileg tólmundandi sem öll fjölskyldan getur stundað saman.

Allir skráðir sundmetrar safnast saman og verða sýnilegir á forsiðu www.syndum.is. Þar verður einnig hægt að sjá hversu marga hringi landsmenn hafa synt í kringum Ísland. Á síðunni má jafnframt finna skemmtilegan fróðleik og upplýsingar um allar sundlaugar landsins.

Til þess að taka þátt þarf að skrá sig inn á www.syndum.is og fara í Mínar skráningar. Einfalt er að velja sér notendanafn og lykilorð og skrá synta metra. Þeir sem eiga notendanafn úr Lífshlaupinu eða Hjól- að í vinnuna geta notað það til að skrá sig inn.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband í gegnum syndum@isi.is.

Allt á suðupunkti í Hveragerði

Hamar og Afturelding áttu við í Unbroken deild karla í blaki 30. október sl. Leikið var í Hveragerði.

Fyrstu tvær hrinurnar voru jafnar og spennandi og enduðu 25-23 og 25-21 fyrir Hamar.

Þá bættu gestirnir í og unnu þeir þriðju hrinu örugglega 25-16 en þá fjórðu með minnst mun 25-23.

Það þurfti því oddahrinu til að knýja fram sigurvegara. Í oddahrinunni var allt á suðupunkti. Hamarsmenn fengu rautt spjald um miðja hrinu fyrir að ögra andstæðingnum og fékk Afturelding stig fyrir vikið. Það dugði gestunum þó ekki. Heimamenn reyndust sterkari á lokasprettinum og höfðu að lokum sigur, 15-12 og unnu þar með leikinn 3-2.

Stigahæstur í liði Hamars var Tomek Leik með 27 stig en í liði Aftureldingar var Valens Torfi Ingimundarson stigahæstur með 31 stig.

Að loknum sex umferðum verma Hamarsmenn efsta sæti deildarinnar, ásamt KA, með 15 stig en Afturelding er sem fyrr í fimmta sæti með 8 stig.



Lítið gert úr áhyggjum íbúa Ölfuss og annarra landsmanna

Íbúar í Ölfusi fá tækifæri til það hafa áhrif á framtíð Íslands í komandi kosningum. Ekki aðeins með því að kjósa fólk til að vinna að hag þjóðarinnar á Alþingi, heldur einnig um það hvort leyfa eigi þýskum sementsrisa að koma sér fyrir í landi Þorlákshafnar og setja í gang fordæmalaugar fyrirætlanir sem snerta hag allra Íslendinga. Kosnið verður um það hvort sveitarfélagið eigi að samþykkja breytingu á aðal- og deiliskipulagi þannig að Heidelberg Material (áður Heidelberg Cement) geti hafist handa við að reisa verksmiðju, sem er í aðeins 2,5 km. fjarlægð frá leikskóla sem nú er verið að byggja í nýju hverfi í Þorlákshöfn ásamt nýjum hafnarmannvirkjum í nálægð við landeldin sem eru að byggjast upp.

Bæjarstjóri Ölfuss sagði í viðtali við RÚV nú nýlega að honum fyndist málið ekki mikið rætt í sveitarfélaginu heldur væri það frekar rætt annars staðar og þá vegna þess að fólk þekki málið illa. Eg veit ekki hversu marga íbúa bæjarstjórnin hittir öllu jafna en upplifun mín er gjörólík. Fjölmargir áhyggjufullir íbúar hafa komið að máli við mig undanfarna daga og deilt áhyggjum sínum vegna þessa máls. Íbúar hafa meðal annars áhyggjur af ímynd og framtíð bæjarins, öryggi sínu og fjölskyldunnar á vegum úti. Sjómenn hafa áhyggjur af fiskimiðum vegna fyrirætlana um námugróft á hafsbotni mikilvægra hrygningarsvæða fiskstofna landsins, starfsfólk landeldanna hefur áhyggjur af neikvæðum áhrifum og enn aðrir hafa áhyggjur af því að fjármokstur Heidelberg í ýmis félög í bænum kunni að hafa mótandi áhrif á skoðun fólks þegar kemur að kosningu. Þess fyrir utan hafa íbúar í öðrum sveitarfélögum einnig réttmæt- ar áhyggjur af málinu því þau keyra jú mörg þessa sömu vegi og óttast ágang erlends stórfyrirtækis á auðlindir landsins. Hvað gerist þegar fyrsta fjallið klárast, hvaða fjall verður mokað niður næst og flutt úr landi?

Áhrif á umferðaröryggi

Þessar áhyggjur eru ekki úr lausu lofti gripnar. Umsögn Vegagerðarinnar við fyrirætlanir um stórfellda námuvinnslu í Þrengslunum er afdráttarlaus og segir meðal annars: „Ekki er unnt að hefja stórfellda efnisflutninga úr Litla-Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar.“ Þá hefur Vegagerðin einnig sagt að aðstæður fyrir þessa nýju höfn sem Heidelberg Materials hyggst reisa á nýjum stað nálægt landeldunum séu mjög varasamar. Þar sé ekki það sem megi kalla náttúrulegt hafnarstæði. Há alda nái langt

inn á víkina sem geri aðstæður mjög erfiðar, bæði hvað varðar siglingu skipa að og frá höfninni sem og fyrir viðlegu skilyrði innan hafnar. Til stendur að allt að 25 skip sigli í höfnina í hverri viku. Vegagerðin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tillögurnar muni ganga upp fyrir þessa flutninga.

Umhverfisvæn matvælaframleiðsla og/eða grjótmulnings verksmiðja?

Það er því ekki að ástæðulausu sem landeldisfyrirtækið First Water hefur áhyggjur af mengunarslysum frá fyrirhugaðri höfn með allri skipaumferðinni og þeim 100 vörubílum sem eiga að keyra í verksmiðjuna daglega. Áhyggjur þeirra snúa einnig að rykmengun og titringi frá starfsemi sem kann að hafa neikvæð áhrif á fiskana. Sveitarfélagið var búið að tala fyrir því að sækja fram á sviði umhverfisvæns matvælaíðnaðar svo fyrirteki eins og First Water, sem kom í þeirri góðu trú með 100 milljarða króna fjárfestingu, þarf nú að verjast þessari stefnubreytingu sem eðlilega hefur neikvæð áhrif á ímynd þess ef af verður.

Hafrannsóknastofnun afdráttarlaus í umsögn sinni

Hluti af fyrirætlunum Heidelberg Material er stórfelldur námugróftur á hafsbotni þar sem hrygningastöðvar mikilvægra fiskstofna landsins er að finna. Niðurstöður Hafrannsóknar um neikvæð áhrif á lífríki voru kynntar á íbúafundi sem fulltrúar úr minnihluta bæjarstjórnar Ölfuss stóðu fyrir í maí. Það vakti athygli að Heidelberg Material reyndi að koma í veg fyrir að sérfræðingur Hafró myndi koma fram á fundinum sem hefur ekki áður gerst í tíð forstjóra Hafrannsóknastofnunar. Í framhaldi af neikvæðum umsögnum Hafró lagði Heidelberg fram breytta áætlun og óskaði eftir nýju áliti Hafrannsóknastofnunar sem kom fram í september síðastliðinn en niðurstaðan var sú sama. Hafró leggst alfarið gegn framkvæmdinni. Hún sé fordæmalaug og mun hafa neikvæð áhrif á afkomu fiska og annarra lífvera. Stofnunin bendir líka á að engin lög eða reglugerðir eru til um verndun fiska eða hrygningarsvæða gegn uppþælingu á jarðefnum. Þá hefur Vestmannaeyjabær einnig gagnrýnt þessar fyrirætlanir því þær skapa hættu fyrir innviði bæjarins. Efnistakan á hafsbotni var ein af meginforsendum fyrir verkefninu og átti meirihluti efnisins að koma þaðan.

Geta peningar keypt atkvæði?

Þau sem hafa farið á golfvöllinn í Þorlákshöfn í sumar ráku

Ása Berglind Hjálmarsdóttir

frambjóðandi í 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.



eflaust augun í Heidelberg fána við fyrstu 9 holurnar og í íþróttahúsinu er stærsta og mest áberandi auglýsingin í salnum einnig frá Heidelberg. Þá stóð til að merkja búninga ungra iðkenda í fótboltafélaginu í bænum með auglýsingu frá fyrirtækinu en blessunarlega var fullur skilningur þar þegar foreldrar mótmæltu þeim fyrirætlunum. Fyrirtæki hefur boðið fleiri félögum háar fjárhæðir á þessu ári. Það er auðvitað alþekkt að fyrirtæki í sveitarfélögum láta gott af sér leiða og styrkja félagsamtök og góðgerðarsamtök og er það vel. En þegar fyrirtæki sem ekki er staðsett í sveitarfélaginu og á allt sitt undir því að íbúar kjósi þeim í vil í íbúakosningu fer fram með þessum hætti vekur það óneitanlega upp spurningar. En íbúar í Ölfusi láta ekki kaupa sig. Það verður spennandi að sjá hvort fyrirtækið haldi áfram að leggja til pening í félagsamtök í bænum ef kosningin fellur ekki þeim í hag.

Horfum til framtíðar

Sveitarfélagið Ölfus er langt frá því að vera á flæðiskeri statt. Tækifærin óþrjótandi, sveitarfélagið stendur vel og íbúar í raunverulegri aðstöðu til að velja um framtíð þess. Viljum við umhverfisvænan matvælaíðnað eða grjótmulnings verksmiðju sem fer illa með auðlindir og náttúru landsins? Viljum við fallegan bæ eða iðnaðarmannvirki með allt að 18 sílóm, sem hvert um sig er næstum jafn hátt og Hallgrímskirkja ásamt öðrum mannvirkjum sem munu drottna yfir bænum og sjást úr nágrenna-sveitarfélögum? Viljum við fá til okkar þungan iðnað með allri þessari viðbótar umferð á vegum sem þola hana ekki eða einbeita okkur að inn og útflutningi í gegnum höfnina. Hvenær er nóg, nóg?

Þessi áskorun sem íbúar í Ölfusi standa frammi fyrir kemur meðal annars til vegna þeirra vankanta sem eru á regluverki um nýtingu náttúruauðlinda hér á landi, eins og Indriði Þorláksson kom svo vel inn á í nýlegri grein. Þar bendir hann á að með ónýtum lagaramma um náttúruauðlindir hefur verið skapað kjörlendi fyrir fjármála-brask og spákaupmennsku með þær. Eignarhald á landi og/eða nýting á því verður auðfengin bráð klókra fjáraflamanna í viðskiptum við lítt reynda Frónbúa og ginkeypta stjórnmalameñ þeirra.

Pólskir menningardagar í Listasafni Árnesinga

Helgina 9.-10. nóvember ætla Listasafn Árnesinga að halda pólska menningardaga. Er það til að halda upp á þjóðhátíðardag Póllands sem er 11. nóvember. Safnið hefur fengið til liðs við sig listakonuna og verkefnastjórnarteyni Hopsa sem býr og starfar í Hveragerði. Hún hefur sett saman lista yfir skapandi íslenska/pólska einstaklinga og fyrirtæki sem munu koma í Listasafn Árnesinga þessa helgi og vera með kynningar á starfsemi þeirra.

„Pólsk myndlist og menning er mjög áhugaverð og mikilvægt fyrir okkur að kynnast henni betur þar sem að við höfum nú búsetta á Íslandi yfir 20 þús. manns af pólskum uppruna, sumir koma í stuttan tíma en sumir hafa sest hér að og eru þau öll mjög mikilvæg í samfélaginu okkar,“ segir í tilkynningu frá safninu.

Listasafnið hefur mikið reynt að ná til pólskumælandi íbúa samfélagsins með að hafa auglýsingar oft á pólsku líka og með þessum viðburði vill það opna enn frekar á samstarf við pólsk/íslenska listamenn og pólska menningu.

Aðilar frá pólska sendiráðinu munu einnig koma að menningardögunum og bæjarstjórnar Árborgar og Hveragerðisbæjar munu einnig vera á staðnum 9. nóv. kl. 13:00.

Eftirtaldir listamenn og skap-

andi fólk hefur staðfest komu sína:

Marzena Waleszczyk
Misha Martin
Plis Ceramic
Anka Holik
Viola Jak
Julia Bytomska
Reykjavík Letterpress
Milkowska Art
Lukas Bury
MOLO101 Rvk
Martyna Hopsa
Małgorzata Porazewska
Agnieszka Waszczeniuk
Anna Maria Tabaczyńska & Jacek Karwan
Maó Alheimsdóttir

Ungir Íslendingar af pólskum uppruna eru einnig með í dagskrágerð: Oliwia Weronika Banach, 17 ára, er ein af ungmennum í ungmennaráði safnsins. Þannig er náð til ungs fólks sem er annaðhvort nýflutt til Íslands eða hefur verið hér í lengri tíma.

Martyna Hopsa



Iris Kramer Quartet í Tónlistarskóla Árnesinga

Íkvöld fara fram tónleikar í með nýstofnuðum kvartett frá Þýskalandi, Iris Kramer Quartet, í sal Tónlistarskóla Árnesinga, Eyravegi 9.

Iris Kramer er mikill Íslandsvinur sem hefur m.a. búið og starfað sem tónlistarkennari í Bolungarvík.

Iris Kramer, trompetleikari og tónskáld, er Íslandsvinur í orðsins fyllstu merkingu. Hún bjó og starfaði við kennslu og spilamennsku á Vestfjörðum í nokkur ár og ferðast um landið á hverju ári. Hún hefur komið víða við á sínum tónlistarferli og stofnaði meðal annars fyrsta bigband Þýskalands eingöngu skipað konum. Hún stofnaði á sínum tíma fyrsta bigband eingöngu skipað konum en á síðari árum hefur hún sinnt tónsmíðum í auknum mæli og það var á viðburði sem helgaður var konum í jazztónlist sem Henriette Thorunn bassaleikari, nýútskrifuð úr jazzdeild tónlistarháskólans í Frankfurt, kynntist tónlist Irisar.

Upp úr því var stofnaður kvartett sem hélt fyrstu tónleikana í Hamborg vorið 2023 og nú eru fjöldi spennandi verkefna framundan. Tónlistin er létt og leikandi sveifla undir áhrifum frá íslenskri náttúru, veðurfari

og menningu. Kvartettinn flytur að mestu frumsamið efni en einnig íslenska tónlist.

Sérstakur gestur á tónleikum er Hlín Pétursdóttir Behrens söngkona sem er Sunnlendingur að góðu kunn, hóf tónlistarnám sitt við T.Á. og kenndi þar um árabil. Þær Iris hafa áður starfað saman í Þýskalandi og er hluti efniskrárinnar úr sameiginlegri smíðju þeirra.

Tónleikarnir eru styrktir af þýska sendiráðinu á Íslandi, Íslendingafélaginu í Hamborg og Jazzbüro Baden Württemberg.

Fram koma: Iris Kramer, trompet, Flügelhorn, söngur Hlín Pétursdóttir Behrens, söngur Henriette Thorunn, kontrabassi, rafbassi Jonas Oppermann, píanó Jan Hauf, slagverk

Aðgangseyrir er 3.500 krónur





Basar

Hringskonur verða með basar í Grænumörk 5, Selfossi. Laugardaginn 9. nóvember frá kl. 13.00. Fallegt handverk að vanda. Posi á staðnum

Hlökkum til að sjá ykkur,

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar af bæjarstjórn Ölfuss til auglýsingar. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Laxabraut 31 - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 31. Lóðirnar eru hugsaðar fyrir hreinlegan iðnað sem veldur ekki hættu á grunnvatnsmengun. Þá er staðsetningin talin henta vel fyrir t.d. súrefnisframleiðslu þar sem laxeldisfyrirtækin sem eru umhverfis þurfa mikið magn súrefnis. Ferli súrefnisframleiðslu felur í sér að notast þarf við háa turna þegar súrefni er aðskilið frá öðrum gastegundum. Í ljósi þess er heimilt í skipulaginu að reisa mannvirki sem geta verið allt að 55m á hæð.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. október 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 19. desember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 19. desember 2024.

Akurgerði - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag á jörðinni Akurgerði. Jörðinni er skipt upp í fimm lóðir, fjórar þeirra eru hugsaðar undir íbúðarhús en sú fimmta fyrir smáhýsi til útleigu.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. október 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 19. desember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 19. desember 2024.

Vegtengingar á Þorlákshafnarvegi - Deiliskipulagslýsing

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir Þorlákshafnarveg innan veghelgunarsvæðis. Þorlákshafnarvegur er þjóðvegur en uppfyllir þó ekki skilyrði Vegagerðarinnar sem gerðar eru um fjarlægðir milli vegtenginga, en samkvæmt reglum Vegagerðarinnar skulu vera 400m á milli tenginga. Vegtengingar á veginum eru of margar og of stutt á milli þeirra og því liggur fyrir að það þarf að fækka þeim.

Skipulagslýsingin var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. október 2024. Skipulagslýsingin verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 30. nóvember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 30. nóvember 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Ný Ölfusárbrú afar aðkallandi á Suðurlandi

Mér er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir þann stuðning sem ég fékk á kjördæmisráðs-fundi Sjálfstæðismanna nýverið þar sem ég var endurkjörin oddviti Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi. Það var töluverð endurnýjun á lista Sjálfstæðisflokksins og við frambjóðendur erum þakklát fyrir stuðninginn og þá hvatningu sem við höfum fengið á fyrstu vikum kosninga-baráttunnar.

Góð sveitarfélög eru byggð upp af öflugum fólki sem lætur sig málin varða og er annað nærsamfélagið. Mikil gróska er á Suðurlandi og hér eru mikil tækifæri. Vöxtur sveitarfélaga í kjördæminu hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum og atvinnulífið hefur verið í mikilli sókn. Hér hefur verið afar gott að búa og starfa og ég vil áfram leggja mitt af mörkum til að styrkja innviði Suðurlands á alla vegu. Við erum, og eigum að vera, í fremstu röð hvort sem litið er til sjávarútvegs, landbúnaðar og matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu eða margs konar iðnaðar. Við viljum forðast einhæfni og fá fjölbreyttari störf í kjördæmið. Við sjálfstæðismenn

höfum talað fyrir fleiri stöðum í atvinnulífinu og verðmætari störfum. Það er okkur öllum til hagsbóta.

Íbúafjölgun kallar á öfluga og trausta innviði í samfélaginu okkar. Þar eru samgöngur stór þáttur í auknum lífsgæðum hér í kjördæminu. Þær verða að vera öruggar og góðar, hvar sem er í kjördæminu, annars dafnar hvorki mann- né atvinnulíf.

Í mínum huga er ný Ölfusárbrú afar aðkallandi fyrir Suðurland. Um er að ræða lyftistöng fyrir kjördæmið og sameiginlegt hagsmunamál allra sveitarfélaga á svæðinu. Fjármögnunin er nánast fullklárud og ekkert bendir til annars en að hún verði að veruleika. Ölfusárbrúin er ekki mannvirki í tómarúmi heldur hluti af umfangsmikilli áætlun um að stórbæta vegakerfið á Suðurlandi. Innan þeirrar áætlunar er m.a. tvöföldun Hellisheiðar og tilfærsla Þjóðvegarnar niður Kambana. Bættar samgöngur munu hafa mikil áhrif á lífsgæði og öryggi þeirra sem fara um vegina og ferlið hefur verið unnið í víðtæku samráði. Ég mun áfram beita mér fyrir því að brúin verði klárud sem

Guðrún
Hafsteinsdóttir

oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi



allra fyrst.

Fyrir stjórnmalafólk og aðra sem starfa í almannabágu er fátt dýrmætara en að fá tækifæri til að hitta fólk og ræða málin. Ég verð á mikilli ferð um kjördæmið næstu vikurnar í kosninga-baráttu og hlakka til að heyra ykkar sýn og sjónarmið á því sem skiptir máli í kjördæminu okkar. Það samtal mun halda áfram að próast og dýpka, enda hvergi nærri lokið.

Við Sjálfstæðismenn horfum fram á veginn full af bjartsýni og eftirvæntingu, einbeitt í því að stuðla að jákvæðum breytingum. Sjálfstæðisflokkurinn stendur einn sem skýr valkostur í komandi þingkosningum fyrir þá sem vilja byggja íslenskt samfélag á einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi með hag allra samfélagshópa í huga. Stefna okkar byggir á traustum grunni mannréttinda, jafnræðis, frelsis og ábyrgðar einstaklingsins.

Lestrarömmur í Hveragerði vekja mikla lukku

Það var í haust sem Olga Clausen, fyrrverandi kennari á eftirlaunum, ákvað að taka aftur upp þráðinn í skólasterfi með nýju hlutverki. Hún hafði lesið í fjölmörgum um hnignun í lestrarfærni nemenda og hringdi í kjölfarið í Grunnskólann í Hveragerði og bauðst til að aðstoða börnin við að lesa. Skólinn tók þessu með miklum þökkum og síðan þá hefur hún komið tvisvar í viku í skólann sem svokölluð lestraramma. Lestrarömmurnar eru nú fjórar talsins og eru þær allar gamlir starfsmenn grunnskólans sem komnir eru á eftirlaun, ýmist kennarar eða stuðningsfulltrúar.

Hugmyndin ekki ný af nálinni

Olga hafði upphaflega séð hugmyndina um lestrarömmur í þætti Landans á RÚV í skóla úti á landi. Hún fann sig knúna til að taka þetta upp í Hveragerði og aðstoða og styðja þau börn sem eiga erfitt með lestur. „Mér finnst þetta ganga bara ljómandi vel og

börnin eru ánægð,“ segir hún og bætir við að þau séu mjög jákvæð og biðji jafnvel um að fara út úr tíma til að fá að lesa hjá henni. Hún telur að lestrarömmurnar hafi mjög góð áhrif.

Lesfærni í algjörum forgangi

Olga leggur mikla áherslu á að börnin nái ekki aðeins að lesa heldur einnig að skilja það sem þau lesa. Hún segist bæði reyna að auka málskilning og orðaforða barnanna. „Ég læt þau ekki bara lesa. Ég segi þeim áður en þau byrja að lesa að ef að ég heyrir að þau skilji ekki eitthvað orð þá fer ég í gegnum það með þeim. Ég er líka með orðskýringar.“ Hún segir það grafalvarlegt mál ef börn ljúka grunnskóla illa læs eða með slakan lesskilning.

Olga er mjög hrifin af þessu nýja hlutverki sínu. „Ég væri ekki búin að kenna svona mikið ef ég hefði ekki gaman af því,“ segir hún og hefur sterka trú á að hennar framlag létti undir hjá kennurunum. Hún bendir á



að sum börn lesi aldrei heima, sem hún telur vera áhyggjuefni. „Námið byggist ekki bara á því að lesa í skólanum. Það er ekki hægt að láta hvert einasta barn lesa einhver ósköp í stórum bekk. Það vantar svoltið upp á það að lesa heima,“ segir hún.

Skemmtilegt og gefandi starf
Að lokum lýsir Olga því hve gefandi það sé að koma aftur í skólann sem sjálfboðaliði og taka þátt í að styrkja lestrarfærni barna. „Það er gaman að hitta fólk og finnast maður vera að gera eitthvað gagn,“ segir hún.

Tónleikar og helgistund á aftökudegi Jóns Arasonar

Þann 7. nóvember nk. kl. 20 verða tónleikar og helgistund á aftökudegi Herra Jóns Arasonar í Skálholti. Í ár eru 500 ár liðin frá því að Herra Jón Arason var vígður biskup en hann hlaut vígslu árið 1524.

Kristján Björnsson, biskup í Skálholti flytur hugvekju og les ljóðmæli eftir Jón Arason. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran syngur einsöng, Skálholtskórinn syngur falleg kórverk og verður meðal annars flutt Ave María eftir Sigurð Bragason

fyrir kór og einsöng og Locuste eftir Anton Bruckner. Organleikur og kórstjórn er í höndum Jóns Bjarnasonar dómorganista.

Eftir stundina verður tundrað ljós við minnisvarða Jóns og hægt verður að fá heitt súkkulaði á veitingastaðnum Hvönn eftir stundina. Áralöng hefð er fyrir viðburðum í Skálholtsdómkirkju í minningu um Jón Arason og syni hans Björn og Ara.

Ókeypiss aðgangur og allir velkomnir.

Bent er á að hægt verður að

fá sér dýrindis súpu á Veitingastaðnum Hvönn í Skálholti fyrir viðburðinn.



Kosningarnar 30. nóvember ráða framvindunni

Komandi alþingiskosningar ráða miklu um framvindu mála hér á landi á komandi tíð. Þær gefa færi á að tryggja hagsæld og lækkun vaxta, hefja nýja sókn til að tryggja landsmönnum ódýra raforku og tryggja frelsi einstaklinga og fullveldi þjóðarinnar og yfirráð yfir verðmætum auðlindum hennar. Kosningarnar eru þess vegna ögurstund fyrir þjóðina.

Efnahagsmálin og lækkun vaxta kalla á styrk tók á ríkisfjármálum með hófsemi að leiðarljósi. Hófsemi í útgjöldum, hófsemi í skattheimtu og niðurgreiðslu skulda.

Leysa þarf orkubúskapinn úr viðjum rammans, úrelts fyrirkomulags sem notað hefur verið til að hefja nauðsynlegar framkvæmdir. Áður fyrir voru sett lög um einstakar virkjanir og kannski þarf að taka þá stefnu upp að nýju. Framleiðsla og

dreifing á raforku þarf að samrýmast ýrustu kröfum til að tryggja landsmönnum orku á hagstæðu verði og greiða fyrir orkuskiptum. Áherslu ber að leggja á að ákvarðanir í þessum efnun séu teknar í góðri sátt við heimamenn.

Fullveldi þjóðarinnar er markleysa nema landamærin séu örugg. Við höfum fylgt stefnu opinna landamæra, öfgastefnu sem hafnað hefur verið af nágrannaþjóðum og þær lýsa sem mistökum. Kjósendur eiga vól um flokka sem aðhyllast opin landamæri með tilheyrandi fjárustri úr ríkissjóði, þar á meðal Framsóknarflokkinn eftir að formaður hans tók af skarið í þeim efnun í sjónvarpi nýverið, og hins vegar Miðflokkinn sem lengst allra flokka hefur talað fyrir öruggum landamærum í þágu íslenskra hagsmuna.

Samgöngur eru meðal helstu

Ólafur Ísleifsson

skipar 3. sæti á framboðslista Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



hagsmunamála íbúa Suðurlands þar sem nú gætir víða mikillar grósku og uppbyggingar. Meðal aðkallandi verkefna á því sviði eru Ölfusárbrú, tvöföldun vegar yfir Hellisheiði, aðgerðir til að tryggja auknið öryggi í Kömbunum og bæta Þrengslaveg svo hann verði fær á vetrum þegar Kambar lokast. Þá er brýnt að ljúka nauðsynlegum rannsóknunum á möguleikum á að leggja göng milli lands og Eyja. Miðflokkurinn mun standa fast að því að hrinda þessum aðkallandi málum í framkvæmd fái hann til þess nægilegan þingstyrk.

Rangárvallarsýslu færður bekkur í tilefni 100 ára afmælis Ólafs Ólafssonar

Rótaryklúbbur Rangæinga færði íbúum Rangárvalla-sýslu forlata bekk í tilefni þess að stofnfélagi klúbbsins, Ólafur Ólafsson, f.v. kaupfélagsstjóri og stofnandi klúbbsins, fagnaði 100 ára afmæli sínu. Bekkurinn stendur við Félagshéimilið Hvol á Hvolsvelli en þar eru fundir klúbbsins haldnir á fimmtudögum. Á myndinni má sjá þá Ísólfr Gylfa Pálmason, forseta Rótaryklúbbs Rangæinga, og Jón Karl Ólafsson, umdæmisstjóra Rótaryhreyfingarinnar á Íslandi, tilla sér á bekkinn. Rótaryklúbb-

ur Rangæinga hefur starfað frá árinu 1966 og haldið yfir 2500 fundi. Klúbburinn hefur staðið

fyrir eða tekið þátt í fjölmörgum samfélagsverkefnum í sýslunni og á landsvísu.



Starfsmaður óskast

Við leitum eftir metnaðarfullum einstakling til að starfa við þjónustu og uppsetningu á lyftum.

- Kostur ef viðkomandi er með reynslu í vél eða rafvirkjun.
- Íslenskumælandi.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt.
- Bílpróf er skilyrði.
- 18 ára og eldri.
- Umsóknir og fyrirspurnir má senda á mm@hmlyftur.is



HALLÓ HALLÓ FÉLAGAR.

Árshátíð FEB Selfossi 2024 verður haldin fimmtudaginn 7. nóvember nk. í aðalsal Hótel Selfoss uppi.

Húsið verður opnað kl. 18:15 en skemmtunin hefst kl. 19:00.

Boðið verður uppá skemmtiatriði:

Hörpukórinn sem Stefán stjórnar, Örn Árnason mætir, happdrætti og leiklestur.



Matseðill að hætti hússins:

Steikarhlaðborð og eftirréttur.

Jón Bjarnason mun sjá um veislustjórn og tónlist til kl: 24:00

Sala aðgöngumiða verður í Grænumörk 5. fimmtudaginn 7. nóv. kl. 13 - kl. 14:00 miðaverð er 11.000 krónur.

Nú mætum við öll og fyllum Hótelinu.

Skemmtinefndin.



ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:



Hrunamannavegur 3, heilsugæslustöð Frágangur og innréttingar

Verklök eru 31. júlí 2025.

Verkið felst í frágangi, smíði og uppsetningu innréttinga í óinnréttað húsnæði að Hrunamannavegi 3 á Flúðum, þar sem fyrirhugað er að hefja starfsemi heilsugæslustöðvar.

Um er að ræða lagningu allra lagna, s.s. frárennslislagna, neysluvatnslagana, hitalagna, loftræsilagna og raflagna. Setja upp létt milliveggi, innihurðir, kerfisloft og gólfefni ásamt nýjum gluggum og útihurð.

Helstu magntölur eru:

Léttir veggir	350 m ²
Málun	1000 m ²
Gólfefni	370 m ²
Kerfisloft	370 m ²
Innihurðir	25 stk

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 11. nóvember 2024. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjalton hjá Eflu Suðurlandi með tölvupósti á netfangið guðmundur.hjalton@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 11. desember 2024, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim þjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórnin í Hrunamannahreppi

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
7. nóvember kl. 13:00-14:30

EKKERT OPIÐ HÚS

Fim. 7. nóvember

Miðasala vegna árshátíðar-
innar fer fram fimmtudaginn
7. nóv. kl. 13-14 í Grænumörk.

ÁRSHÁTÍÐ FEBSEL

á Hótel Selfossi fim. 7. nóv.
Húsið opnað kl. 18:15
Skemmtun hefst kl. 19:00.

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður
haldið á Eyravegi
15, laugardaginn
9. nóv. kl. 11.
Gestur verður
Halla Hrund Logadóttir.



Allir velkomnir.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Þrjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrisholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AI-Anon

AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrisholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrisholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrisholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Fjölskyldumessa verður sunnu-
daginn 10. nóvember kl. 11.
Umsjón hafa sr. Gunnar og Sjöfn
æskulyðsfulltrúi. Barna- og
unglingakórinn syngur undir
stjórn Bergþóru Kristinardóttur
og Edit Molnár. Sunnudaga-
skólabörnin eru velkomin til
messunnar. Að messunni lokinni
heldur unglingakórinn kókubas-
ar til fjármögnunar kórastarfinu
sínu. Verið velkomin til fjölskyldu-
vænnar og skemmtilegarar sam-
veru í kirkjunni.

Hraungerðiskirkja

Messa sunnudaginn 10. nóvem-
ber kl. 14. Sr. Gunnar Jóhannes-
son þjónar fyrir altari og prédikar.
Guðmundur Einarsson leikur á
orgelið og kirkjukór Hraungerðis-
og Villingaholts leiðir safnaðar-
sönginn. Verið hjartanlega vel-
komin.

Skálholtsdómkirkja

Messa í Skálholtsdómkirkju
sunnudaginn 10. nóvember.
Sóknarprestur og dómorganisti
þjóna. Allir velkomnir!

Torfastaðakirkja

Messa í Torfastaðakirkju kl. 14.
Aðalsafnaðarfundur strax á eftir
messu. Sóknarbörn hvött til að
mæta.

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á

heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Þjáist þú af einhverju eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælni
Fíkn • Krónískir verkir
Fortíðar draugar • Áföll
Gömul áföll
Kvíði • Þráhyggja

Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi
Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,
samtalsmeðferð

Svandís Birkisdóttir
svandisb@gmail.com
Sími 835 8555



Vel heppnuð hátíðar- messa í Víkurkirkju

Í tilefni af 90 ára vígsluafmæli
Víkurkirkju, sem vígð var 14.
október 1934, var haldin há-
tíðarmessa í kirkjunni og einnig
var sett upp sögusýning af sama
tilefni. Svanhvít Sveinsdóttir
sóknarnefndarformaður Víkur-
kirkju sá, að mestu leyti, um ut-
anumhald og skipulag. Ákveðið
var að tengja þessa atburði inn
í Regnbogahátíð sem haldin er
í Mýrdalshreppi á hverju ári, en
það var helgina 5. – 6. október.
Á sýningunni sem haldin var í
kirkjunni voru sett fram messu-
klæði og fleiri munir kirkjunnar.
Hápunkturinn var myndasýn-
ing eftir Þóri Kjartansson sem
hefur safnað filmubútum og
myndum af sögu kirkjunnar og
Hátíðarmessan var síðan haldin
sunnudaginn 6. október og þar
var margt góðra gesta. Biskup
Íslands, Guðrún Karls Helgu-
dóttir prédikaði og flutti þakkir
til sóknarnefndafólks og allra
þeirra sem hafa lagt kirkjunni
lið í gegnum árin. Mættir voru
einnig fyrrverandi prestar

Víkurkirkju, sr. Gísli Jónasson,
sr. Haraldur M. Kristjánsson
og sr. Árni Þór Þórsson. Sr. Jó-
hanna Magnúsdóttir, sem tók
við embætti Víkurprestakalls 1.
september sl. þjónaði ásamt sr.
Árna. Sr. Haraldur las ritningar-
lestra og Helga Halldórsdóttir,
meðhjálpari, las upphafs- og
lokabæn. Kammerkór Tónskóla
Mýrdalshrepps söng undir stjórn
Alexandra Chernyshova sem
einnig söng einsöng. Organisti
var Kjartan Valdemarsson. Eftir
messu var boðið í messukaffi á
Hótel Vík í Mýrdal og var það
sameinað árlegu kaffi Regn-
bogahátíðar. Sóknarnefndarfolk
og kirkjan skaffaði veitingarnar.
Það var mál manna að hátíðin
hefði heppnast vel í alla staði.
Margir lögðu hönd á plóg og
eru þeim færðar þakkir. Það
þarf mikið til að halda stóra há-
tíð og sóknarnefnd Víkurkirkju
færir eftirfarandi styrktaraðilum
kærar þakkir:

E. Guðmundsson ehf, Auð-
bert og Vígfus ehf, RafSuð ehf,
Keif ehf, Bergrún ehf, Tröll
ehf, BC Pizza ehf, Makki ehf,
Hótel Kría ehf, Skool Beans
ehf, Starfsm.sjóður Hótel Kötlu,
Súpufélagið ehf, Tjaldstæðið
Vík, Katltrack ehf, Ögmundur
Ólafsson ehf, Puffin Hótel Vík
ehf Sæsi ehf Bakkabraut 6,
Veitingahúsið Suður-Vík ehf,
Verslunin Aldan ehf, Gistiheim-
ilið Norður-Vík ehf, Þrjóna-
stofan Katla ehf, Vélaverkst.
Smára Tómass ehf, Afl Smíði
og Múr ehf, Ásblik ehf Mýrar-
braut 13, Smíðjan Brugghús ehf,
Fagradalsbleikja ehf, Icewear
/ Drífa ehf, Halldórskafti ehf,
Ársalir ehf, Crepis ehf, Kven-
félag Hvammshrepps, Krónan
og Kosy Vik slf.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þröttáfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Garðyrkja og myndlist í hversdeginum

Nú er hreyfing í garðinum sem umlykur Listasafn Árneseinga í Hveragerði og bæjarbúar og nærsveitafólk er boðið sérstaklega velkomið þangað nú sem endranær. Í garðinum er hægt og rólega að mótast umgjörð utan um safnbygginguna, sem líta má á sem grunnaðan striga þar sem allt getur gerst, hnitakerfi sem teiknast upp með tímanum og sérhverri heimsókn í garðinn. Þar má hæglega ímynda sér fleiri plöntur, höggmyndir, gjörminga, kakó í brúsa, litríki, lautarferð og sólber í munnni, vínafund, teikniæfingar, söngstund, sólböð og snjóengla.

Hvatinn að hreyfingunni kom frá greinahöfundinum sem hefur unnið að fjölbreytilegum verkefnum á fagsviði myndlistar og hönnunar um langt árabil og útskrifaðist nýlega úr lífrænni ræktun við Garðyrkjuskólann á Reykjum. Ég setti mig í samband við safnstjóra, Kristínu Scheving, með tillögu að langtíma verkefni í garðinum en Kristín var þá þegar með hugann við að glæða garðinn lífi og tók vel á móti frumkvæðinu.

Ljóstíllífur og litróf

Sólarorkan sem plöntur nýta sér til ljóstíllífunar er á mjög svipaðri bylgjulengd og sú sem mannsaugað greinir sem sýnilegt ljós, litrófið. Þetta er merkileg staðreynd og huglæg tenging á milli garðyrkju og myndlistar sem segja má að sé undirtönn grunnhugmyndarinnar í garðinum, að tengja hann viðfangi safnsins, myndlistinni.

Myndlist er sennilega víðfedmasta fagsvið heims því hún takmarkast aðeins af hugðarfennum listamanna og felur þannig í raun í sér öll önnur fagsvið. Myndlistin bráðnar hér kannski inn í garðyrkjuna. Í báðum fögum er spáð í innri og ytri aðstæður, samsetningu og samspil, ríkjandi öfl, hið efnislega og skynræna, tímann og ekki síst fegurðina. Litir, form, efni og áferð, framvinda og jafnvægi eru gjarnan meðal þess sem er listamönnum og ræktendum mikilvægt. Þessir þættir eru hafðir í huga við þróun garðsins þar sem helsta markmiðið er að hann geti orðið vettvangur fyrir nærandi stundir, staður þar sem gestir geta ræktað tengingu sína við jörðina, skerpt skilningarvitin og þælt í myndlistinni. Máttur garðyrkjunnar – og myndlistar-

innar – skal eigi vanmetinn, hann er margslunginn og ætti ávallt að hlúa vel að.

Plönturnar í garðinum

Hugað er að orkustöðvum líkamans með sínu innra litrófi og þar með er áhersla á fjölbreytilegar ætiplöntur og lækningajurtir. Fyrsti áfangi var unninn sumarið 2023 þegar berjalundur var útbúinn vestan megin við safnbygginguna og hefur hann að geyma nokkrar tegundir sólberja og rifsberja úr Nátthaga, bestu myntu bæjarins sem Ingólfur Guðnason garðyrkjufraeðingur og kennari við Garðyrkjuskólann var svo hugulsamur að gefa afleggjara af auk villjarðarberja sem eiga vonandi eftir að breiða úr sér. Á sömu hlið safnsins voru mótuð þrjú hringlaga beð og í hvert þeirra komið fyrir einu yrki af ígulrós, einnig úr Nátthaga. Austan megin er gamalt trjábelti sem nú er í því meginhlutverki að fóstura ungar trjaplöntur sem settar voru niður og munu vonandi komast á legg áður en þau gömlu hverfa aftur til upprunans. Þar má nú finna fimm tegundir reyniviðar sem hver um sig hefur sín sérkenni í blaðlögum, lit, berjum og áferð.

Nágrannar reynivintettsins eru tveir heggir. Við valið á þeim var hugsað til Kristmanns Guðmundssonar rithöfundar og ræktanda (1901-1983) sem ákvað upphaflega að rækta upp fallegan reit í Hveragerði sem verklegan gjörming og andstöðu við eyðileggingu og niðurbrot seinni heimsstyrjaldarinnar sem þá geysaði. Hann bjó við Skáldagötuna í Hveragerði og ræktaði þar mikilfenglegan skrudgarð og þróaði meðal annars yrki af heggi. Heggirnir og reyniviðurinn koma úr Kjarri en þar eru einnig birkitré sem garðyrkjustjóri bæjarins galdraði fram og ýmis botngróður sem ef óskir rætast mun breiða úr sér og mynda grænt teppi undir ungu trén.

Samstarf við Garðyrkjuskólann á Reykjum

Stofnað var til samstarfs við Garðyrkjuskólann á Reykjum síðastliðinn vetur og úr varð að nokkrir útskriftarnemar í skrudgarðyrkju, Árný Guðfinnsdóttir, Helena Stefánsdóttir, Ólafur Þórir Auðunsson og Óli Sigurjónsson, unnu lokaverkefni sitt í garðinum. Í sameiningu teikn-

uðum við upp hlaðin blóma-beð sem hægt er að tylla sér á og helst eru ætluð einærum plöntum. Útlit þeirra, umgjörð og staðsetning var hugsuð út frá stöplum sem fyrir eru í garðinum og óreglulegu formi byggingarinnar sjálfrar. Samhliða upphækkaða beðinu var bætt í skjólbelti fyrir suðaustanáttina með stæðilegum reynivið frá Borg og grassófa var komið fyrir í flötinni sem reynist bæði fallegur og þægilegur. Vonir standa til að þessi viðbót hjálpi við að gera garðinn að þægilegum án-ingarstað í bæjarlandslaginu á komandi árum og einnig til þess að framhald verði á samstarfi við þann mikilvæga skóla sem Garðyrkjuskólinn er.

Löturhæg framvinda verkefnisins

Í safninu er nú hægt að nálgast ljósmyndir og sendibréf til gesta um verkefnið ásamt yfirlitsteikningu af garðinum með upplýsingum um þær tegundir sem þegar eru í honum. Þar er vöngum velt yfir möguleikum á að nýta garðinn til að skilja og skynja umhverfi sitt betur og þjálfa skilningarvitin.

Framvinda verkefnisins er hæg í takti við árstúðirnar og vaxtarhraða einstakra plantna og margar hverjar verða fyrst búnar að breiða úr sér eftir fjölda ára. Garðurinn er staður þar sem sólarorkan efnisgerist og vel má ímynda sér hann sem stað til að fylgjast með hringrás lífs og líta, vexti og þroska plantanna, blómgun, fræmyndun, hnignun, niðurbroti og endurfæðingu.

Lífiríkið í garðinum er á sérhverjum tíma fyrirtaks innblástur og ekki síst á mótum árstíða og við endurteknar heimsóknir á ólíkum tímum ársins. Plönturnar hafa nú undirbúið sig og hægt á fyrir veturinn, eitthvað sem við mannfólkið getum tekið okkur til fyrirmyndar. Garðurinn er alltaf opinn og þar er hægt að tylla sér, kúra í sófanum, kjafta og horfa upp í stjörnuþjartan himin, stínga fingrunum í moldina, hnoða snjóbolta eða leggjast í grasið, virða fyrir sér liti, form, efni og óravíddir sem gestir eru einmitt hvattir til að gera hvort sem viðkoman er stutt eða löng, að vetri sem sumri.

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis í Rangásþingi Ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Hvammsvirkjun

Samkvæmt 4. mgr. 14. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst útgáfa framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar:

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykktum á fundum sínum þann 16. og 24. október 2024 útgáfu framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda við uppbyggingu Hvammsvirkjunar sem staðsett verður í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í framkvæmdinni felst uppbygging á virkjun Þjórsár norður af Skarðsfjalli. Inntakslón hennar, Hagalón, verður í farvegi Þjórsár norður af Skarðsfjalli. Lónið verður í um 116 m y.s. og um 4 km² að stærð og rúmmál lónsins verður um 13,2 milljón m³. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls, í landi Hvamms 1 í Landsveit. Fyrirhuguð Hvammsvirkjun er vatnsaflsvirkjun staðsett á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár þar sem í dag eru sjö vatnsaflsstöðvar og verður virkjunin áttunda og neðsta stöðin. Hvammsvirkjun mun nýta allt að 352 m³/s rennsli og 32 m fall Þjórsár á um 9 km kafla frá svokölluðu Yrjaskeri, rétt ofan við bæinn Haga, og niður fyrir Ölmóðsey, austan við Þjórsárholt. Virkjunin nýtir miðlað rennsli Þjórsár frá lónunum ofar á vatnasviðinu. Flest mannvirki virkjunarinnar verða staðsett innan Rangárþings ytra en virkjunarsvæðið er staðsett innan beggja sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að afl virkjunar verði 95 MW og árleg orkuvinnsla um 740 GWh. Framkvæmdaleyfin taka til allra þeirra framkvæmda við Hvammsvirkjun sem fyrirhugaðar eru innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps á vegum Landsvirkjunar, þó ekki til þeirra framkvæmda sem teljast háðar útgáfu byggingarleyfa. Umfjöllun og upplýsingar um framkvæmdina má nálgast hér <https://www.landsvirkjun.is/hvammsvirkjun> og á www.skipulagsgatt.is.

Ákvörðun sveitarstjórna um samþykkt framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 1 mánuður frá því að auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfisins birtist í Lögbirtingarblaði. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.uua.is

Fh. Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson

Fh. Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Vigfús Þór Hróbjartsson





Fjölmenningarmætti á Fjölmenningarhátíð

Fjölmenningarhátíð Uppsveita Árnassýslu var haldin í Aratungu sunnudaginn 3. nóvember. Hátíðin heppnaðist vel og um 500 gestir mættu og nutu dagsins.

Kynningar frá 17 löndum

Á hátíðinni var fjölbreytt dagskrá með kynningarbásnum þar sem gestir gátu fræðst um 17 ólík lönd, smakkað hefðbundna rétti og lært um menningararf frá ýmsum heimshornum. 20 félög skráð sig til þátttöku og kynntu þau starfsemi sína. Kór var á staðnum sem söng nokkur lög ásamt raftónlistarmanni sem spilaði einnig nokkur lög. Björgunarsveit sýndi dróna og önnur tæki úti, slökkviliðsbílar voru til sýnis og íslensk glíma sýnd. Þá var spiluð tónlist frá öllum löndunum.

Verkefnastjórar hátíðarinnar voru Lína Björg Tryggvadóttir, byggðapróunarfulltrúi í Upp-

sveitum og Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri Heilsueflandi Uppsveita. Þau byrjuðu að hugsa um hátíðina og sækja um styrki fyrir rúmu ári síðan. „Við fengum styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands en sá styrkur gerði hátíðina mögulega og þökkum við Uppbyggingarsjóði kærlega fyrir stuðninginn,“ segir Lína Björg í samtali við Dagskrána.

Mikil þýðing fyrir samfélagið

„Fjölmenningarhátíðin var ógleymanlegur viðburður, þar sem 17 lönd kynntu menningu sína ásamt fjölmörgum aðilum sem veita þjónustu eða standa fyrir áhugamannaklúbbum í samfélaginu. Þessir aðilar gerðu hátíðina eftirminnilega og án þeirra hefði hún einfaldlega ekki orðið að veruleika,“ segir Lína.

Hún segir hátíðina hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið. „Hún var sett á laggirnar með

það markmið að styrkja tengsl innan samfélagsins, auka samheldni og kynna þau tækifæri sem samfélagið hefur upp á að bjóða fyrir fólki af erlendum uppruna en á sama tíma gaf hún öllum tækifæri til að fagna fjölbreyttri menningu og gera hana sýnilega.“

Hún segir þessa hátíð ekki vera endapunktur, heldur upphafið að einhverju nýju. Stofnuð verður Facebook-síða þar sem allir þátttakendur sem kynntu sína menningu munu tengjast og geta haldið áfram að vinna saman. Vonin er að þetta muni styrkja tengsl og stuðla að frekari samvinnu innan samfélagsins og þeirra á milli.

„Eftir þessa miklu þátttöku í gær er þegar farið að hugsa um næstu hátíð sem vonandi verður haldin á næsta ári, en ljóst er, að ef að henni verður, þá þarf hún að fara fram í stærri sal til að taka á móti öllum.“

„Við erum að vonum í sjöunda himni eftir þessar móttökur og viljum þakka öllum sem komu og sýndu hátíðinni áhuga. Við hlökkum til að vinna áfram að því að gera Uppsveitirnar að fyrirmyndar fjölmenningarsamfélagi,“ segir Lína að lokum.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti
Bilverk BA
Far sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

360°SMÍÐI
Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.
Tilboð eða tímavinna.
Skoðum öll verk.
Endilega hafið samband á
360smidi@360smidi.is
eða í síma 659 3522
erum á Selfossi.

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolin.is